18 MORGUNBLAÐIÐ, MIÐVIKUDAGUR 21. NÓVEMBER 1973

Svíarunnu 16:13
SVlAR sigruðu íslendinga með
16 mörkum gegn 13 f hand-
knattleikslandsleik, sem fram fór
í Laugardalshöllinni í gærkvöldi.
Þetta var fremur slakur leikur af
beggja hálfuenliðinvirtustmjög
áþekk að getu, og þess vegna gat
sigurinn fallið hvoru megin sem
var. Það var hins vegar mjög slak
ur og bitlaus sóknarleikur
íslenzka landsliðsins sem öðru
fremur gerði gæfumuninn, en í
sóknarleiknum var Iítil ógnun og
oftsinnis tapaðist knótturinn
fyrir hreinan klaufaskap, jafn-
veí þegar íslenzku leikmennírnir
voru komnir i sannkölluð dauða-
færi. Við þetta bættist svo að
sænski markvörðurinn, Lars
Karlsson. varði meðmiklum ágæt-
um. mun betur en islenzku mark-

verðirnir. sem stóðu sig þó ekki
illa.

Svíar höfðu forystu í leiknum
frá upphafi og komust í 3:0 á
fyrstu 8 mínútunum, en þá skor-
aði Axel loks úr vítakasti. Eftir
það munaði oftast tveimur mörk-
um. og spenna náðist ekki upp í
leiknum fyrr en örfáum mínútum
fyrir leikslok. er staðan var 14:12
fyrir Svía, og Viðar komst inn á
línuna í mjög gott færi, en Viðar
of fljótur á sér og lét markvörð-
inn verja hjá sér. Þar með for
síðasti möguleiki íslendinga til
þess að ná jófnu í leiknum og
þegar 2 mfn. voru til leiksloka
glopraði Axel niður tækifieri til
þess að minnka muninn. með þvf
að reyna að vippa yfir markvörð-
inn í vítakasti, en knótturinn fór í
þverslá og út.

Sænska Iandsliðið nú er ekki
eins sterkt og maður hefur oft séð
þaðáður. Þaðer skipað tiltölulega
jöfnum mönnum. liprum einstak-
lingum. sem mynda ekki sterka
heild. I vörninni vann þó sænska
liðið vel saman, og reyndi að loka
fyrir langskot Islendinga og tökst
það svo vel, að nánast var undan-
tekning ef mark kom með slíkum
hætti. Árangursrikasta sóknar
leikaðferð Islendinga var að
reyna að spila hratt fyrir framan
vörn Svíanna og bíða eftir tæki

— Strikaður út
Framhald af bls. 1
ekki, að hann væri inni á friðaða
svæðinu, en taldi þó, að hann væri
minna fyrir innan en mælingin
gaf til kynna. Mirinda kom á stað-
inn seint í gærkvöldi og var sam-
mála niðurstöðu varðskipsins.
Dómsmálaráðuneytinu var jafn-
framt gefin skýrsla um málsatvik
af Landhelgísgæzlunni. Að mála-
vöxtum könnuðum taldi ráðuneyt-
ið upplýst. að togarinn hefði gerzt
brotlegur við ákvæði samkomu-
lagsins og bæri að fella hann nið-
ur af skrá yfir skip, sem veiði-
heimild hafa samkvæmt sam-
komulaginu.
Togarinn Northern Sky mun nti
hafa haldið heimleiðis af Islands
miðum. Utanríkisráðuneytinu
hefur veriðtjáð til frekari tilkynn
ingar, að Northern Sky GY 25
hafi verið felldur niður af
skránni.

færi til línusendinga. Þannig
skoraði Björgvin Björgvinsson
tvö sérlega falleg mörk, og fjórum
sinnum fékkst vítakast með þess-
um hætti. Ef skytturnar reyndu
að skjóta utan frá punktalínu átti
markvörður Svíanna ekki í mikl-
um vandræðum með skot þeirra.
Vörnin var að þessu sinni sterk-
ari hluti fslenzka liðsins, og barð-
ist oft með ágætum. Kom hún vel
út á móti skyttunum, en gætti sín
ekki eins vel á gegnumbrotum. en
þannig skoruðu Svíarnir flest
marka sinna. Var það einkum
hinn eldsnöggi og skemmtiiegi
leikmaður Bo Andersson sem ís-
lenzka vörnin átti í erfiðleikum
með, en hann ógnaði f sífellu með
bolvindum, og ætti hann ekki Ieið
til þess að skjóta komu oft frá
honum góðar linusendingar.

í leiknum í gærkvöldi mátti sjá
hversu gífurlega mikilvægur
maður Ólafur Jónsson er fyrir
landsliðið aðekkisé talaðumGeir
Hallsteinsson. Hefðu þessir tveir
leikmenn verið með í gærkvöldi.
hefði tæpast þurft að spyrja að
leikslokum. íslendingar leika

annan leik við Svía. er þeir koma
heim frá Bandaríkjunum. og fer
sá leikur fram í Laugardalshöll-
inni 29. nóvember. Eftir leikinn í
gærkvöldi er augljóst að gera
verður breytingar á landsliðinu.
ef mögulegt á að vera að sigra i
þeim leik.
Mörk Svia i leiknum í gær-
kvóldi skoruðu: Bengt Hansson 3,
Björn Anderson 2. Bo Andersson
2, Dan Eriksson 2. Göran Haard 1.
Tommy Jansson 1, Thomas Pers-
son 2, Bertil Söderberg 1 og Jan
Andersson 2.
Mörk íslands skoruðu: Axel
Axelsson 7, Björgvin Björg-
vinsson 2, Viðar Símonarson 1,
Sigurbergur Sigsteinsson 1,
Agúst Ögmundsson 1 og Hörður
Sigmarsson 1.

Beztu menn Svía voru: Lars
Karlsson, markvörður; Bo Ander-
son og Jan Anderson.
Beztu menn íslendinga voru:
Björgvin Björgvinsson, Axel
•Axelsson og Gunnsteinn Skúla-
son.

stjl

27 millj. íViðlagasjóð

FORSKTAR Alþingis hafa
ákveðið. að renna skuli f Viðlaga-
sjóð þær 27 milljónir kr.. sem
Nornena félagið í Danmórku og
Dansk-íslenzka félagið þar hafa
safnað.í Danmörku til aðstoðar
Vestmannaeyingum vegna eld-
gossins á Heimaey á s.l. vetri.
Fénu skal varið til aðstoðar
Vestmannaeyingum. Forseti sam-
einaðs Alþingis Eysteinn Jónsson
hefur afhent formanni sljórnar
Viðlagasjóðs. Ilelga Bergs banka
stjóra. söfnunarféð með <>sk um,

— Fangaskipti

Framhald if bls. 1
abalandanna fyrir friðarviðræð-
urnar við ísraela í Genf 10. des-
ember. Suður-Jemen. Líbýa og
Irak munu hins vegar ekki vera
ánægð með vopnahléssáttmála
Egypta og ísraela.

— Listamanna-

hverfi
Framhald af bls. 1
fylla þær, t.a.m. vegna heildar-
skipulags. Hins vegar sé það stað-
reynd. að margir listamenn séu á
sífelldum þönum eftir húsnæði.
þeir þurfi að taka á leigu dýrar
vinnustofur, sem efnahagur
þeirra rís naumast undir. og
dæmi séu til þess, að listmálarar
hafi orðið að flytja vinnustofur
sínar 10—20 sinnum á jafnmörg-
um árum. „Leiguhúsnæði er
ævinlega ótryggt og dýrmætum
tíma er sóað í leit að tíma-
bundinni vinnuaðstóðu, auk þess
sem slíkar kringumstæður hljóta
óhjákvæmilega að draga úr eðli-
legri sköpunargleði listamanna,"
segja myndlistarmennirnir tveiri
bréfi sínu.

-Araba-

ráðherrar
Framhald af bls. 1
berra byggingar verður aðeins 20
stig á daginn og 17 stig a næturn-
ar. Mælt er með því *ð fólk al-
mennt takmarki sig við sama hita-
stig við upphitun htisa sinna. Þá
er þess farið á leit við fyrirtæki.
að þau hætti allri lúxuslýsingu til
auglýsinga o.s. frv.
Sænska ríkisstjórnin hefur
einnig gert ráðstafanir til að
hef.ja olíu- og bensin.sk ómmiun, ef
þörf krefur, en engar takmarkan-
ir verða á akstri. Þá mun rikis-
tjórnin í næstu viku leggja fram
tillögu um rafmagnsskömmtun.
YAMANITIL
KAUPMANNAHAFNAR

Fundi OPEC lauk í dag, og á
blaðamannafundi sagði Yamani

olíumálaráðherra m.a.. að hann
myndi fljótlega fara til Kaup-
mannahafnar. en lagði mikla
áherzlu á. að hann færi aðeins til
að leita læknis. Engu á siður er
talið hugsanlegt, að heimsókn
hans kunni að standa í sambandi
við fund EBE-ráðherranna þar í
borg. Yamani gat ekki sagt, hverj-
ar væru þær evrópsku höfuðborg-
ir auk London og Parisar. sem
hann og starfsbróðir hans frá
Alsír færu til, en hann tók skýrt
fram. að Haag væri ekki ein
þeirra.
A fundinum var m.a. ákveðið að
fresta verðlagningu á Utfluttri
oliu frá löndunum við Persaflóa.
og verðið yrði óbreytt til 17 des-
. 'inber.

fr'yrr í dag haf'ði Yamani sagt,
að eina ráð Japana til að komast
undiiii olíubanninu var að slíta
stjórnmálasambandi við ísrael.

að því verði varið í samræmi við
fyrirmæli gefendanna. A milli
þeirra er Friðj(')n Sigurðsson.
skrifstofustjiiri Alþingis.

— Neita því ekki

Framhald af bls. 3.

syni sinum Guðmundi, semeinn
ig er á bátnum. Sagði Ölal'ur, að
þessi bátur bæri listaskip, en
samt sem áður hefðu þeir orðið
fyrir fjórum áfóllum. Tvisvar
hefði kviknað í honum og einu
sinni hefðu þeir fengið brot á
hann, og því væri þeir að von-
um þreyttir á þessu, Gylfi Örn
er byggður hjá Dröfn í Hafnar-
f irði og er 56 lestir að stærð.Hét
báturinn fyrst Blíðfari og var
þá gerður út frá Grundarfirði.
Þ.O.

— Aldraðir
Framhald af bls. 3.
þetta fólk, þar sem það kemst
ekki upp í bílana.
Að mati borgarbókiivarðar yrði
skipulögð bókasafnsþjónusta við
aldrað fólk, öryrkja og blinda án
efa mikið verk. en í rauninni geti
ekkert annað en reynslan skorið
úr um hversu mikið verk það yrði.
Ilel'ur borgarbókavörðiir metið,
að til að hefa þetta starf þyrfti að
ráða einn bókavörð i fullu starfi
og annan í 2/3 hluta starfs. Þá
þyrfti að kaupa nokkur læki til
þessarar starfsemi. m.a. litinn
sendiferðabíl. sem sérstaklega
yrði innréttaður fyrir bækur. Hef-
ur borgarbókavörður metið. að út-
gjöld vegna þessarar starfsemi
sérstaklega á næsta ári yrðu um
1.5 millj. kr.. þar af um 750 þús. í
vinnulaun og 750 þús. til lækja-
kaupa. sem nýttust þá til fram-
búðar.

Kristján Benediktssun (F)
ræddi tillögu borgarstjóra og tók
undir þá stefnu. sem í henni felst
og fjallaði síðan um nauðsyn þess.
að vel væri að Borgarbökasafninu
búið og ræddi lítillega um vænt-
anlega nýbyggingu þess í nyja
miðbænum.

Tillaga borgarstjórans varsiðan
samþykkt með 15 samhl.jóða at-
kvæðum.

— Alþýðuher

Framhald á bls. 2.

ekki nóg að gera uppreisn, þáð er
ekki nóg að við förum út á götu og
segjumst ekki vilja vera fátæk
lengur. Nú verðum við að gera
byltingu. Við verðum að mynda
alþýðuher, sem veit, hvernig á að
reka hermenn og hina riku á
flótta. Næst mun ekkert stöðva
bylgju fólksins."

Þorsteinn meðTyrkjabyssuna. Ljósm. Mbl. Sv. Þorm.

Kjarvalsstaðir:

Listaverk og safn-gripir úr Eyjum
BYGGÐASAFN Vestmannaeyja
gengst þessa dagana fyrir
sýningu á listaverkum og ýmsum
munum, er varða sögu Eyjanna á
Kjarvalsstöðum. Hdfst sýningin
s.l. laugardag og er ætlunin að
henni Ijúki sunnudaginn 25. þ.m.
A sýningunni eru m.a. 34 mál-
verk eftir Kjarval, byssa, sem er
frá tfmum Tyrkjaránsins og
krikkja úr dönsku verzlunarskipi,
sem strandaði í Vestmannaeyjum
ári 51711.

Morgunblaðið náði tali af Þor-
steini Þ. Víglundssyni, forstöðu-
manni byggðasafnsins, á
Kjarvalsstöðum á dögunum, er
hann vann að undirbúningi sýn-
ingarinnar. Sagði Þorsteinn, að á
sýningunni yrðu um 100 málverk
þ.á.m. 34 verk eftir meistara Kjar-
val, sem Sigfiis M. Johnsen fyrrv.
bæjarfógeti safnaði á sínum tíma
og ánefndi bænum. Auk þeirra
verða á sýningunni málverk eftir
Engilbert Gíslason, Freymóð Jó-
hannsson, Kristinn Astgeirsson,
Svein Þórarinsson, Guðna
Hermansen, Gunnlaug Blöndal,
Sigfús Halldórsson, Gunnar Jóns-
son og Ragnar Engilbertsson, auK
athyglísverðrar myndar, sem
byggðasafnið keypti á uppboði í
Bretlandi og ber nafnið „Vest-

mannaeyjar úr hafi", en myndin
er máluð um 1791. Auk málverk-
anna verða á sýningunni 26 ljós-
myndir eftir Gisla Friðrik John-
sen og eins og áður segir, ýmsir
munir, er varða sögu Vestmanna-
eyja.
Það, sem líklega mun vekja
hvað mesta athygli á þessari sýn-
ingu, er Tyrkjabyssan svonefnda.
Byssan fannst, þegar unnið var
við dýpkun hafnarinnar í Eyjum
árið 1968. Var hún þá send til
Englands og úrskurðuðu þarlend-
ir vísindamenn hana vera f rá mið-
öldum og algenga á þeim slóðum,
sem sjóræningjar þeir, er rændu
Vestmannaeyjar árið 1627, eru
taldir koma frá. Þorsteinn vakti
einnig athygli á hluta úr kili af
dönsku verzlunarskipi, sem
strandaði í Vestmannaeyjum árið
1711, en þess atburðar er getið i 4
ísl. annálum frá þeim tíma. Ur
sama skapi er krikkja sú, er áður
varnefnd.

Þorsteinn kvað tilganginn með
sýningunni vera þann, að afla fjár
til viðgerða á munum safnsins, er
skemmdust við flutninga í Vest-
mannaeyjagosinu. Verður sýning-
ín opin almenningi aíla virka daga
frá kl. 4—10 og laugardaga og
sunnudaga frá 2—10.

— Toppfundur
Framhald af bls. 15.
ræðast viðásamt sem fæstum ráð-
gjöfum, en síðar gætu utanríkis-
ráðherrar bætzt við.
Georges Pompidou Frakklands-
forseti átti fyrstur hugmyndina
að „arineldarviðræðum" æðstu
manna, eins og þær eru kallaðar.
Fram kom í ræðum utanríkisráð-
herranna í dag, að þeir vilja ekki
vera útilokaðir meðöllu.
Auk hugmyndar Pompidous er
fjallað um yfirlýsinguna um „sér-
stæði Evrópu". sameiginlega yfir-
lýsingu EBE-landa og Banda-
ríkjanna um framtíð efnahags-
samskipta og öryggisráðstefnuna
íGenf.

— Verkfallsátök
Framhald af bls. 2.
Haukur sagði, að það hefðu
verið þeir Oðalsmenn, sem
kvöddu lögregluna á vettvang.
Hafi þá svo undarlega brugðið
við, að Iögreglan hafi gengið á
milli fylkinganna, myndað annan
varnarvegg — og þannig verndað
lögbrotið í stað þess að hindra
það. Kvað Hauk'ir þá forráða-
menn Oðals rauna hafa orðið fyrir
þvingunum frá lögregluyfirvöld-
um í þá átt að loka aðalsalnum,
þrátt fyrir að þeir Oðalsmenn
teldu sig í sínum fulla rétti. Eins
kvað hann þá Oðalsmenn hafa
lagt fram tillögu til samkomulags,
en þeim hefði óðar verið hafnað
af þjónum.

Varðandi lögbannsúrskurðinn

benti Haukur á, að í honum væri
ekki tekin nein afstaða til deilu
aðila, og þjónar gætu með athæfi
sínu ekki skotið sér bak við hann.
Ilins vegar lýsti hann yfir furðu
sinni, að þjónar skyldu ekki vilja
bíða sakadömsúrskurðarins, sem
myndi taka af öll tvímæli hvors
væri rétturinn.

— Ólafur æfur
Framhald af bls. 2.
hafa rétt til að heimta skýrslur,
munnlegar og bréflegar, bæði af
embættismönnum og einstökum
mönnum. Að loknum störfum
skal nefndin gefa neðri-deild
skýrslu um niðurstöður sfnar."
Ólafur Jóhannesson forsætis-
ráðherra mun vera æfur vegna
þessarar tillógu og lita á hana sem
beina persónulega árás á sig,
enda er hann æðsti yfirmaður
landhelgisgæzlunnar og hefur
væntanlega haf t mjög náið ef tirlit
með störfum hennar á þeim við-
kvæma tíma, sem um er að ræða.
Hefur forsætisráðherra haft f
miklum hótunum við samstarfs-
menn sina úr flokki SFV. Þing-
flokkur Framsóknarflokksins
mun hafa tekið ákvörðun um að
standa gegn samþykkt þessarar
tillögu og hefur sem fyrr segir
verið lagt mjög að flutningsmönn-
um að draga hana til baka, svo og
hefur verið lagt að forseta neðri-
deildar, að taka hana ekki á dag-
skrá. Munu framsóknarmenn
mjög óttast, að tillaga þessi verði
samþykkt með stuðningi þing-
manna stjórnarandstöðunnar.